

Leiðrétting á rangfærslum rammans um Sólheima



Vindorkugarðurinn að Sólheimum er meðal þeirra virkjunarkosta sem voru til umfjöllunar í 5. áfanga rammaáætlunar og var hann ranglega flokkaður í bið. **Flokkunin byggir á rökum sem standast ekki skoðun og eru þau hrakin hér að neðan.** Qair Ísland hefur gert alvarlegar athugasemdir við umfjöllunina í tveimur umsögnum í opnu umsagnarferli, sem verkefnisstjórn rammaáætlunar brást við seint og með ófullnægjandi hætti.

- [Umsögn](#) Qair í fyrra umsagnarferli
- [Umsögn](#) Qair í seinna umsagnarferli

Jákvæð áhrif Sólheima á efnahag og innviði samfélagsins eru ótvíræð:

- Virkjunin er í samræmi við [orkustefnu Íslands](#) og styður við orkuskipti sem mikið liggur við að ná fram sem fyrst.
- Sér í lagi styður virkjunin við orkuöryggi á Vestfjörðum, en því hefur löngum verið [mjög ábótavant](#).
- Virkjunin leiðir af sér atvinnu- og innviðauppbýggingu í landshluta sem þarf sannarlega á því að halda, en íbúafjöldi í Dalabyggð hefur [dregist saman um 17%](#) síðan um aldamótin.
- Virkjunin leiðir af sér [tekjur að upphæð 150 m.kr.](#) á ári beint til sveitarfélags í formi fasteignagjalda. Þá eru ótaldar aðrar óbeinar tekjur til ríkis og sveitarfélaga.

Vegna þessara jákvæðu samfélagslegu og efnahagslegu áhrifa, og í ljósi augljósra annmarka á flokkun verkefnisstjórnar, er því beint til hæstvirts ráðherra umhverfis, orku- og loftslagsmála, sem og til háttvirtra nefndarmanna í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, að ganga gegn flokkun verkefnisstjórnar og leggja til við Alþingi að **vindorkuvirkjun að Sólheimum verði sett í nýtingarflokk við fyrsta tækifæri.**

✗ Áhrif framkvæmdarinnar skerða verndarhagsmuni hafarnarstofnsins vegna áflugs á vindmyllur

✓ Án tillits til þeirra umfangsmiklu mótvægisaðgerða sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram benda svartsýnustu sviðsmyndir rannsókna á áflugi hafarna að Sólheimum til affalla sem nema 0,56 erni á ársgrundvelli. Slík afföll myndu leiða af sér aukningu í dánartíðni upp á um hálft prósent, en svo lítil aukning á dánartíðni **hefur ekki teljandi áhrif á stærð hafarnarstofnsins**. Að teknu tilliti til framlagðra mótvægisaðgerða er áflugstíðnin mun lægri en gengið er út frá hér. **Fullyrðingar verkefnistjórnar um áhrif á hafarnarstofninn eru rangar og órökstuddar** og ekkert sem bendir til þess að hafarnarstofninn verði fyrir merkjanlegum áhrifum af völdum vindorkuvirkjunar að Sólheimum.

✗ Tengikostnaður er hár í samanburði við aðra vindorkukosti – nánar til tekið 5.267 m.kr.

✓ Þetta er rúmlega **4 milljarða króna ofmat**. Tengikostnaðurinn nemur um 1.000 m.kr. skv. Landsneti.